

Skipulagsstofnun  
Matthildur B. Stefánsdóttir  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 24. janúar 2019  
UST201901-109/R.K.  
08.12.00

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum -Matsskyldufyrirspurn- Torfur svínabú í Eyjafjarðarsveit. Umsögn**

Vísað er í erindi Skipulagsstofnunar dags. 8. janúar sl. þar sem óskað er umsögn Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

**Framkvæmdarlýsing**

Ráðgert er að reisa svínabú á landi Torfa í Eyjafjarðarsveit. Framkvæmdin felur í sér byggingu tveggja gripahúsa, starfsmanna- og gestahúss auk haugtanka á 5,45 ha lóð. Um er að ræða þauleldisbú með alls 2.400 grísum (þyngri en 30 kg) á hverjum tíma, 1.728 fráfarur/smágrísir (af spena undir 30 kg) (bls. 8) og fjöldi gylta er áætluð 400 stykki (bls. 9). Landið og reksturinn er á vegum félagsins Stefán Þórðarson ehf. og er hér eftir nefnt umsækjandi.

Heildarendurskoðun aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 er í vinnslu en þar gerir aðalskipulagið ráð fyrir landbúnaði á spildu Torfa (bls. 14). Þá er deiliskipulag fyrir svæðið í vinnslu. Líkt of fram kemur í greinargerð er starfsemin starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun.

**Umhverfisáhrif**

Helstu umhverfisáhrif frá þauleldisbúum svína er lyktarmengun og áhrif sem hún hefur á næstu nágretta auk áhrif við dreifingu húsdýraáburðar (svínaskíts) á land.

Umhverfisstofnun telur óljóst í greinargerð hver heildarfjöldi allra dýra á búinu verður á hverjum tíma þegar lagt er saman fjöldi grísa (2.400 stykki), gylta (400 stykki), smágrísa (1.728 stykki). En út frá skilningi stofnunarinnar geta verið allt að 4.528 dýr á hverjum tíma (misstór) á búinu.

Áform eru um að bora eftir neysluvatni vestan við byggingar svínabúsins (bls. 19) líkt og sjá má á mynd í fylgiskjali 3. Næsta vatnsból er í 2 km fjarlægð frá fyrirhuguð svínabúi og langt ofan við dreifingarsvæði búfjáraburðar (svínaskítsins) skv. greinargerð (bls. 21).

### Fráveita

Öllum úrgangi svína á búinu verður veitt í haugtanka með niðurgrafinni lögn þar sem hann er geymdur fyrir dreifingu sem áburður á tún í Eyjafjarðarsveit.

Við starfsmannaaðstöðu verður rotþró og Umhverfisstofnun bendir á að hún skal vera í samræmi við rg. nr. 798/1999 um fráveitur og skólp þar sem lágmarkshreinsun er tveggja þrepa hreinsun með rotþró (hreinsivirki) og siturbeði.

### Úrgangsmál

Jörðin Torfur er 18,8 ha að stærð og verður svínaskítum dreift á jörðina og á jarðir í Eyjafjarðarsveit skv. samningum (bls 22). Allur úrgangur frá gripahúsum verður safnað saman í haugtanka með niðurgrafinni lögn. Tankarnir rúma um 6.000 m<sup>3</sup> sem er það magn sem safnast upp á um átta mánuðum og eru tankarnir tæmdir tvisvar á ári, vor og haust. Gert er ráð fyrir að heildarmagn svínaskíts sem verður til á búinu árlega verði allt að 9.000 m<sup>3</sup>.

Í greinargerð er vitnað í tímabil dreifingar húsdýraáburðar skv. starfsreglum um góða búskaparhætti og rg. nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri. Þá er gert ráð fyrir að 3.375 m<sup>3</sup> af húsdýraáburði frá svínabúinu þyrfti að geyma á þessu tímabili og verður hann geymdur í haugtönkum (bls. 23). Umhverfisstofnun hefur í sínum starfsleyfum um þaueldi miðað við að húsdýraáburði sé dreift á milli 1. apríl og 15. október.

Í viðauka greinargerðar, fylgiskjal 4, má sjá sniðmát af samningi umsækjanda við þriðja aðila um móttöku og dreifingu á svínaskít frá búinu að Torfum. Fram kemur að fylgja skuli starfsreglum um góða búskaparhætti sem gefin voru út árið 2002 (bls. 22 og 28). Umhverfisstofnun bendir á að starfsreglurnar eru gamalt skjal og síðan þá hafa starfshættir þróast. Stofnunin miðar við nýútgefið BAT (2017)<sup>1</sup> og vísar í viðeigandi kafla hér að neðan. Þá er líka tekið fram í sniðmáti samningsins hvaða aðferð henti best við dreifingu skítsins (ofan á jörð/með slöngum) enda verði minni lyktarmengun með þeirri aðferð og nýtingin á skítum betri. Umhverfisstofnun vísar aftur í BAT kafla hér að neðan þar sem eru upplýsingar um bestu aðferðir við dreifingu skíts til að lágmarka lyktarmengun.

Fram kemur í greinargerð að: „*Dauðum gripum frá svínabúinu verður fargað á viðeigandi hátt í hrægám á vegum sveitarfélagsins eins og allur annar sambæilegur úrgangur í Eyjafjarðarsveit.*“ (bls. 23). Umhverfisstofnun bendir á að meðhöndlun lífræns úrgangs skala vera í samræmi við rg. nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs þar sem fram kemur

<sup>1</sup> BAT-niðurstöður, BAT conclusions (BATC) under Directive 2010/75/EU of the European Parliament and of the Council, for the intensive rearing of poultry or pigs, notified under document C(2017) 688.

að lífrænn úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs.

### **Besta aðgengilega tækni (BAT)**

Umhverfisstofnun bendir á að besta aðgengilega tækni hefur verið skilgreind í „Best Available Techniques (BAT) Reference Document for the Intensive Rearing of Poultry or Pigs, 2017“ (BREF) ásamt BAT-niðurstöður í „Best Available Techniques conclusions under Directive 2010/75/EU of the European Parliament and of the Council, for the intensive rearing of poultry or pigs“ sem var birt í „Official Journal of the European Union“ þann 21. febrúar 2017, hér eftir nefnt BAT-niðurstöður. Umhverfisstofnun mun, sem útgefandi starfsleyfis, fylgja þeim viðmiðum er koma fram í BAT-niðurstöður skv. 8., 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Þá er umsækjanda skylt að sjá til þess að starfsemin sé ávallt í samræmi við BREF og/eða BAT-niðurstöður.

Við starfsleyfisgerð skal umsækjandi skila upplýsingum til Umhverfisstofnunar um hvaða valkostir fyrir bestu aðgengilegu tækni eru nýttir á búinu með vísan í BAT-niðurstöður greinar. Ef umsækjandi breytir um valkost um bestu aðgengilegu tækni þá skal hann upplýsa eftirlitsaðila um þær breytingar og hvernig þær samræmast BAT-niðurstöður.

### **Lyktarmengun**

Skv. 6. gr. greinargerðar nr. 520/2015 skal lágmarksfjarlægð fyrir bú með fleiri en 2.000 stæði fyrir alisvín (30kg+) vera 600 m en 500 m á skilgreindu landbúnaðarsvæði. Líkt og sést á fylgiskjali 1 og 2 í viðauka greinargerðar eru engin mannvirki innan 600 m radíuss frá fyrirhuguðum byggingarreit svínabúsins og er því fjarlægðarmörk uppfyllt. Talið er upp á bls. 20 greinargerðar hver fjarlægð byggingarreits svínabús er við næstu nággranna. Þar má sjá að bæirnir Grund, Grund II eru í um 1100 m fjarlægð norðaustur, Ytrafell og Syðrafell til vesturs í um 11100-1200 m fjarlægð, Samkomugerði I og II eru í 1400-1600 m fjarlægð til suðurs og suðvesturs. Árbær til norðvesturs er það íbúðarhús sem liggur næst fyrirhuguðum byggingarreit svínabúsins í um 900 m fjarlægð. Næsta frístundabyggð við Finnastaðaá í um 650 m fjarlægð við byggingarreit svínabúsins og íbúðarhús Finnastaða í um 950 m fjarlægð skv. greinargerð (bls. 20).

Vindur á svæðinu blæs í 40% tilfella úr norð- norðaustri. Ríkjandi vindátt í hvassviðri á Torfum er úr suð- suðvestri eða í um 75% tilfella þegar vindhraði er yfir 15 m/s. Því er ólíklegt að vindáttir verði til þess að næliggjandi íbúar finni meira fyrir lyktarmengun en í lognviðri eða í hægum vindum að mati Umhverfisstofnunar.

Ekki er fjallað um mótvægisáðgerðir til að lágmarka lyktarmengun frá eldishúsum, haugtönkum né við dreifingu svínaskíts á tún, eða áætlun um viðbrögð ef kvartanir berast vegna lyktarmengnar.

Umhverfisstofnun telur næstu nággranna geta orðið fyrir áhrifum lyktarmengunar frá búinu og bendir á að í BAT-niðurstöðuskjali má finna lýsingu á bestu aðgengilegu tækni og þeim aðferðum sem skal beitt við meðferð svínaskíts, geymslu og dreifingu, til að

lágmarka lyktarmengun auk annarra þátta við rekstur svínabúa. Stofnunin áréttar að rekstraraðili skal sjá til þess að kröfur BAT-niðurstaðna séu uppfylltar og skal hann skila stofnuninni greinargerð um hvaða BAT aðferðir skal nota við rekstur búsins með vísan í einstaka BAT-niðurstöðu greinar.

### Ásýnd

Heildarmagn bygginga á skipulagssvæðinu verður 6.000 m<sup>2</sup>. Fyrirhugaðar byggingar eru stórar og liggja nálægt vegi. Mannvirki munu hafa áhrif á landslag og ásýnd svæðisins þar sem verið er að byggja á flötu landi og á tiltölulega óröskuðu landi. Hins vegar er landsvæðið skilgreint sem landbúnaðarland og er það umhverfi skipulagssvæðisins mikið raskað og eru því áhrif á ásýnd lands óveruleg að mati Umhverfisstofnunar.

### Vernd og vöktun

Líkt og tekið var fram í umsögn Umhverfisstofnunar um deiliskipulagstillögu svínabúsins á landi Torfna þá bendir Umhverfisstofnun á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (vistgerdakort.ni.is) og á kortsjá sérstakrar verndar eru á jaðri skipulagssvæðisins vistgerðin tjarntararflóavist þar sem er með mjög hátt verndargildi vistgerðarinnar og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Umhverfisstofnun telur umfjöllun um vistgerðina og votlendið í nálægð við skipulagssvæðið, og hvernig skal lágmarka rask á þeim, vanta í greinargerð.

### Niðurstaða

Staðsetning búsins stenst kröfur um fjarlægðarmörk og mun þurfa að uppfylla kröfur um bestu aðgengilegu tækni til að lágmarka m.a. lyktarmengun frá búinu. Umhverfisstofnun telur mat á umhverfisáhrifum ekki til þess fallið að varpa fram nýjum upplýsingum um umrædda framkvæmd. Stofnunin tekur fram að BAT skilyrði eru skýr og skal starfsemin uppfylla þau. Um er að ræða nýtt bú á svæðinu og henni mun fylgja einhver lyktarmengun. Með vísan í framangreint telur Umhverfisstofnun að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.



Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur